



Skólanámskrá 2021-2022



II. hluti

Nám og kennsla

4. bekkur

Umsjónarkennarar: Dagbjört Lína Kristjánsdóttir og Sigurrós Sandra Bergvinsdóttir

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	2
Bakgrunnsupplýsingar	3
Íslenska	3
Stærðfræði	6
Enska	7
Samfélagsgreinar	8
Náttúrugreinar	9
Upplýsinga- og tæknimennt.....	12
List- og verkgreinar.....	13
Heimilisfræði	13
Hönnun og smíði	14
Myndmennt.....	16
Textílmennt	16
Leiklist.....	17
Tónlist	17
Skólaíþróttir	18

Bakgrunnsupplýsingar

Í 4. bekk eru 9 nemendur, 6 strákar og 3 stúlkur. Alls fá nemendur 30 kennslustundir á viku. Umsjónakennarar eru Dagbjört Lína Kristjánsdóttir og Sigurrós Sandra Bergvinsdóttir og kenna þær stærðfræði, íslensku og val saman. Dagbjört Lína kennir þeim hönnun og smíði en Sigurrós Sandra samfélagsgreinar og upplýsingatækni. Aðrir kennarar eru Ingibjörg Eyrún Bergvinsdóttir sem kennir náttúrugreinar, Eydís Lúðvíksdóttir og Halla Karen Gunnarsdóttir kenna ART, Gunnar Andri Pétursson og Halla Karen Gunnarsdóttir kenna skólaíþróttir, Sigrún Hilmarsdóttir kennir heimilisfræði og textílmennt. Silja Guðnadóttir kennir ensku og Gréta Sigurðardóttir kennir leiklist, Ragnheiður Dröfn Benidiktsdóttir kennir myndmennt og Linda Maria Nielsen tónlist.

Viðmiðunarstundaskrá

Íslenska	6
Erlend tungumál	
Enska	1
List og verkgreinar	Hver nemandi sækir hverja grein einn þriðja úr vetri (4)
Heimilisfræði	
Myndmennt	
Textílmennt	
Hönnun og smíði	
Leiklist	
Tónlist	
Samfélagsgreinar	3
Náttúrugreinar	3
Skólaíþróttir	3
Umsjón	1
Stærðfræði	5
Val / ART/Upplýsingatækni	4
Samtals	30 kennslustundir

Íslenska

Kennari: Dagbjört Lína Kristjánsdóttir og Sigurrós Sandra Bergvinsdóttir

Vikustundir: 6 kennslustundir

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið í íslensku eru sett fram í fjórum mismunandi flokkum, talað mál, hlustun og áhorf, lestur og bókmenntir, ritun og málfræði.

Talað mál, hlustun og áhorf

Nemendur taka þátt í umræðum um viðfangsefni bekkjarins og í samskiptum sín á milli, jafnframt vinnum við með hlustun.

Munnleg tjáning, hlustun og endursögn.

Lestur og bókmenntir

Nemendur lesa bækur af lesbókalista og af bókasafni. Þeir eiga að lesa heima á hverjum degi í a.m.k. 15 mínútur. Jafnframt æfa þeir sig að lesa ýmis konar texta til æfingar á lesskilningi og lestri. Reynt er að ná yndislestri á hverjum degi í ca. 15 min.

Kannast við hvaða orðmynd er uppfléttimynd fallorðs og nýta sér það við notkun orðabóka.

Hugtök tengd bókmenntum sbr. persóna, söguhetja, söguþráður, sögulok, boðskapur.

Lestur

Ljóð, ljóðstafur, taktur, rím, kvæði, þula, vísur, ljóðlína, erindi, hrynjandi.

Orðtök og málshættir.

Ritun

Fjölbreytt verkefni verða unnin. Áhersla verður bæði á frjálsa ritun og fyrirfram ákveðið ritunarform. Í skrift er mikil áhersla lögð á að nemendur skrifi snyrtilega og muni eftir krókunum á stöfunum. Unnið verður með stafsetningu út frá *Lestur og stafsetning*.

Ritun þar sem áherslan er á uppbyggingu sögu sbr. upphaf, miðja og niðurlag.

Stafsetningarreglur; n/nn- reglan í greini, stór og lítill stafur, tvöfaldur samhljóði og ng/nk.

Málfræði

Unnið verður með helstu þætti málfræði. Notast verður við námsefnið *Skinna I*, *Málræktarvinnubækur*, auk ýmissa aukahefta sem kennari tekur saman. *Orð af orði vinna*.

- Samheiti og andheiti.
- Samsett orð.
- Munur á nafnorðum, sagnorðum og lýsingarorðum.
- Sérhljóðar og samhljóðar.
- Nafnorð; sérnöfn/samnöfn, kyn, tala og fallbeyging.
- Lýsingarorð; stigbreyting og fallbeyging.
- Sagnorð; nafnháttur, nútíð og þátíð.

Kennsluefni / kennslugögn

Lesrún II, skriftarbækurnar *Góður*, *betri*, *bestur*, ljósritað málfræðiefni af Skólavefnum, Flökkuskinna, Riturún 3, ljósrituð verkefni ásamt fjölbreyttu efni frá kennurum bæði gagnvirk og rafrænt.

Kennsluhættir

Reynt verður að hafa fjölbreyttar kennsluaðferðir eftir eðli námsins hverju sinni s.s lesið, spurt og spjallað, þulunám og þjálfunaræfingar, hópvinna og sjálfstæð vinnubrögð. Tvisvar í viku verður læsisfimmán notuð sem rammi utan um kennsluna þar sem nemendur velja um fimm stöðvar og vinna markvisst með lestur, hlustun, ritun og orðaforða.

Viðfangsefni:

- Samsett orð
- Samheiti/andheiti
- Nafnorð; sérnöfn/samnöfn, kyn, tala, fall.
- Hvaða orðmynd er uppflettimynd fallorðs og geti nýtt sér það við notkun orðabóka.
- Munnleg tjáning.
- Ritun; upphaf- meginmál - endir.
- Stafsetningarreglur; n/nn- reglan í greini.
- Lestur
- Ljóð
- Lýsingarorð; stigbreyting og fallbeyging
- Sagnorð; nafnháttur, nútíð og þátíð
- Munnleg tjáning
- Ritun; lögð áhersla á greinamerki (punkt, kommu o.fl.), að nemendur þjálfist í að skrifa póstkort og sendibréf og geti skrifað einfaldan texta upp eftir upplestri
- Stafsetningarreglur; stór og lítill stafur, tvöfaldur samhljóði
- Hugtök tengd bókmenntum (t.d. persóna, söguhetja, söguþráður, sögusvið, rím og sögulok)
- Munnleg tjáning, í því felst m.a. að ræða um bókmenntaverk sem nemandi hefur hlustað á og/eða lesið
- Lestur, nemandi geti gert munnlega og skriflega grein fyrir efni sem hann hefur lesið og að nemandi geti nýtt sér helstu lestrarmerki
- Ljóð; nemandi læri utanbókar vísur og ljóð til munnlegs flutnings

Heimanám

Fer eftir viðfangsefni hverju sinni og verður í algjöru lágmarki.

Námsmat

Lesfimiþróf Menntamálastofnunar eru lögð fyrir þrisvar á ári ásamt lesskilningsverkefnum sem lögð verða fyrir við lok hverrar annar.

Lesskilningsþrófið Orðarún er lagt fyrir í lok hverrar annar og einnig eru notuð önnur lesskilningsþróf til að kanna stöðu nemenda í lesskilningi.

Staða nemenda í öðrum þáttum íslenskunnar metin út frá hæfniþáttum með verkefnum/þrófum og gefin umsögn/einkunn. Skrift verður metin af verkefnum nemenda.

Stærðfræði

Kennari: Dagbjört Lína Kristjánsdóttir og Sigurrós Sandra Bergvinsdóttir

Vikustundir: 5 kennslustundir

Hæfniviðmið

Hæfniviðmiðin eru sett fram í sjö flokkum. Fyrstu þrír flokkarnir eru almenn viðmið um stærðfræðilega hæfni og fjórir flokkar snúa að hæfni á ólíkum sviðum stærðfræðinnar. Þessir sjö flokkar eru: Að geta spurt og svarað með stærðfræði, að kunna að fara með tungumál og verkfræði stærðfræðinnar, vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar, tölur og reikningur, algebra, rúmfræði og mælingar, tölfræði og líkindi.

Að geta spurt og svarað með stærðfræði

Rökhugsun (t.d. fari í leiki og spil sem reyna m.a. á talnavinnu, rúmfræði, rökhugsun og hugkvæmni).

Að kunna að fara með tungumál og verkfræði stærðfræðinnar

Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar

- Vasareiknar sem hjálpartæki.
- Talnaskilningur.

Tölur og reikningur

- Reikniaðgerðir (samlagning, frádráttur, margföldun og deiling) og útreikningar tengdir þeim.
- Námundun; námundi tölur að næsta heila tug eða hundraði.
- Almenn brot, tugabrot.
- Hlutföll; skipta ákveðinni lengd í tvo eða fleiri hluta og ræði um hluta af heild og jafnan hlut

Rúmfræði og mælingar

- Staðaleiningarnar m og cm, l og dl, g og kg; Einnig ýmis konar mælingar.
- Rúmfræði: flatamyndir, nota hugtökin punktur, hlið, horn (rétthyrnd, hvöss, gleið) o.s.frv. rétt. Einnig verður farið í rúmmál, hliðrun og speglun.
- Flatarmál, flutningar.

Tölfræði og líkindi

- Söfnun upplýsinga og túlkun; safna gögnum í tengslum við rannsóknir og kannanir í náttúru- og samfélagsfræði og skrái í töflu og súlurit, t.d. með aðstoð töflureiknis.
- Tölfræði, líkur.

Kennsluefni / kennslugögn

Sproti 4a og 4b, Verkefni fyrir vasareikna ásamt öðru efni frá kennara.

Kennsluhættir

Leitast verður við að hafa sem fjölbreyttastar kennsluaðferðir, s.s. innlög, umræður, þrautalausnir, hlutbundna vinnu, rannsóknir þar sem áhersla er lögð á að nemendur finni sínar eigin leiðir að lausn og geti skýrt þær út fyrir kennara og samnemendum sínum.

Heimanám

Leitast er við að hafa heimanám í lágmarki og þá frekar valkvætt. Nemendur vinna heima í Sprota æfingahefti og/eða fá verkefni sem tengjast þeim viðfangsefnum sem unnin eru hverju sinni.

Námsmat

Kannanir eftir hvern kafla, þar sem leitast verður við að prófa sem flesta þætti í hæfni nemandans. Hæfni nemenda í viðkomandi þáttum metin og niðurstöður settar inn á Mentor. Sama námsmat gildir báðar annirnar.

Enska

Kennari: Silja Guðnadóttir

Vikustundir: 1 kennslustund

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið í erlendum tungumálum skiptast í: hlustun, lesskilningur, samskipti, frásögn, ritun, menningarläsi og námshæfni.

Hlustun

Að nemandi:

- Skilji fyrirmæli og leiðbeiningar kennara á ensku.
- Skilji efni á hljómböndum/myndböndum/geisladiskum í tengslum við viðfangsefni sem unnið er með og eru honum kunnugleg.
- Þjálfist í að vinna markvisst með orðaforða í tengslum við hlustunarefni.
- Geti lesið og skilið einfaldan texta.

Lesskilningur

Að nemandi:

- Geti fylgt ýmsum barnatextum, s.s. þulum, rími, ljóðum og rappi.

Samskipti

Að nemandi:

- Skilji félaga sína í samskiptum í kennslustundum.

Frásögn

Að nemandi:

- Geti tekið þátt í samskiptum í kennslustofu, þ.e. kynnt sig, heilsað, kvatt og þakkað fyrir sig.

Ritun

Að nemandi:

- Geti skrifað eftir fyrirmyndum skiljanlega, skipulega og viðeigandi stutta texta um kunnugleg efni.
- Þjálfist í að vinna markvisst með orðaforða í ritun.
- Þjálfist í réttri stafsetningu algengra orða sem koma fyrir í námsefni.

Menningarläsi

Námshæfni

Kennsluefni / kennslugögn

Verkefnablöð frá vefnum Opgaveskyen. Horft verður á kvikmyndir og unnið verkefni út frá þeim.

Kennsluhættir

Unnið með margvísleg orð og texta á fjölbreyttan hátt þar sem áhersla er hlustun, tal, lestur og skrift.

Viðfangsefni:

Að heilsa og kveðja, tölur, litir, föt, stafrófið, líkamshlutir, fjölskyldan, árstíðir; dagar og mánuðir, veður, matur, dýr.

Heimanám

Engin heimavinna.

Námsmat

Ástundun og virkni nemenda metin og þeir hæfnipætti sem unnið er með hverju sinni.

Samfélagsgreinar

Kennari: Sigurrós Sandra Bergvinsdóttir

Vikustundir: 3 kennslustundir

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið í samfélagsgreinum skiptast í: Reynsluheimur - Umhverfi, samfélag, saga, menning: Hæfni nemandans til að skilja veruleikann; Hugarheimur – Sjálfsmynd: hæfni nemandans til að átta sig á sjálfum sér og öðrum; Félagsheimur – Samskipti: hæfni nemandans til að mynda og þróa tengsl sín við aðra.

Reynsluheimur - Umhverfi, samfélag, saga, menning: Hæfni nemandans til að skilja veruleikann

Hugarheimur – Sjálfsmynd: hæfni nemandans til að átta sig á sjálfum sér og öðrum

Félagsheimur – Samskipti: hæfni nemandans til að mynda og þróa tengsl sín við aðra.

Kennsluefni / kennslugögn

Þemavinna í tengslum við Grænfánaskóla og útikennsla (samkennt með náttúrufræði). Farið verður í námsefnið Grænu skrefin og Hreint haf. Í landafræði verður farið í Ísland hér búum við og Landafræði að rata um heiminn. Farið verður í frá Róm til Þingvalla í sögu.

Kennsluhættir

Unnið með þemu í tengslum við samfélagsfræði. Fer það svolítið eftir efninu hvað kennsluaðferðum og leiðum er beitt. Í megindráttum er ferlið þannig að þegar byrjað er á nýju þema er áhugi nemenda á viðfangsefninu vakinn og vitneskja þeirra um það könnuð, t.d. með hugstormun, hugmyndir skráðar niður og unnið út frá þeim. Námsbækur lesnar saman. Hverju þema er síðan skipt niður í þætti og unnið sérstaklega með þá; umræður, skráning - orðaforði, myndræn úrvinnsla, vinna úr heimildum. Nemendur vinna verkefni í vinnubækur, skapandi skilum eða á rafrænan hátt.

Kennsluáætlun

Tvo tíma í viku er allur hópurinn (4. og 5. bekkur saman, þar sem farið verður í útikennslu, Grænfána-verkefni og fleira tengt því.

Hina tvo tímana verður svo farið í til að byrja með landafræðinni að rata um heiminn. Síðan verður farið í Ísland hér búum við. Því næst verður kafað dýpra í söguna og byrjað á Frá Róm til Þingvalla og jafnvel verður farið í Miðaldafolk á ferð ef vel gengur.

Heimanám

Engin föst heimavinna er í samfélagsfræði en af og til koma eru áhugaverð verkefni tekin fyrir sem unnið er með áfram heima.

Námsmat

Þeir hæfnipættir sem unnið er með hverju sinni eru metnir út frá verkefnum, vinnu, umræðum og áhuga nemenda. Gefin umsögn munnleg eða skrifleg eftir því sem við á. Einnig verður notað sjálfsmat öðru hverju.

Náttúrugreinar

Kennari: Ingibjörg Eyrún Bergvinsdóttir

Vikustundir: 3 kennslustundir

Hæfniviðmið

Í náttúrugreinum eru tveir flokkar hæfniviðmiða en nauðsynlegt er að viðmiðin tengist og flettist saman. Þetta eru annars vegar hæfniviðmið um verklag og hins vegar hæfniviðmið úr völdum viðfangsefnum. Hæfniviðmið um verklag skiptast í: Geta til aðgerða; Nýsköpun og hagnýtingu þekkingar, gildi og hlutverk vísinda og tækni, vinnubrögð og færni í náttúrugreinum og efling ábyrgðar á umhverfinu. Hæfniviðmið um viðfangsefni skiptast í: Að búa á jörðinni, lífsskilyrði manna, náttúra Íslands, heilbrigði umhverfisins og samspil vísinda, tækni og þróunar í samfélaginu.

Hæfniviðmið um verklag

- Geta til aðgerða
- Nýsköpun og hagnýtingu þekkingar
- Gildi og hlutverk vísinda og tækni
- Vinnubrögð og færni í náttúrugreinum
- Efling ábyrgðar á umhverfinu

Viðfangsefni

Náttúran allan ársins hring

- Árstíðirnar
- Veðurfræði
- Aðlögun, atferli, vöxtur og æxlun lífvera

Að nemendur:

- skoða hvernig lífríkið breytist eftir árstíðum
- geti sýnt samhengi jafnt lífrænna sem lífvana þátta í náttúrunni.

Lífríkið í sjó

- Hafsjór
- Ströndin
- Landgrunnur og úthöf

Að nemendur:

- kynnist lífríkinu í sjó.
- læri um hafsjó, landslag hafsins, mismunandi fjörur, flóð og fjöru, fjörudýrin, seli, fugla í fjörunni, strauma og hita sjávar, hryggleysingja úti í sjó, fiska, hvali, veiðar og eldgos og jarðhita á hafsbotni.

Grænu skrefin

- Neysla
- Elskum jörðina
- Loftsdagsbreytingar
- Endurnýta; Endurvinna, nota minna
- Grænu skrefin
- Hrein orka
- Vatn
- Samgöngur
- Umhverfishátíð

Markmið

Að nemendur:

- fjallað um samspil manns og náttúru
- gert sér grein fyrir nýtingu og vernd auðlinda og umhverfis, hvernig hver einstaklingur getur lagt sitt af mörkum til verndar
- tekið eftir og rætt atriði í umhverfi sínu, gert grein fyrir áhrifum þeirra á lífsgæði íbúa
- lýst dæmum um áhrif af gjörðum mannsins á náttúru og manngert umhverfi í heimabyggð og á Íslandi
- tekið þátt í að skoða, skilgreina og bæta eigið umhverfi og náttúru
- gert grein fyrir mun á hreinu vatni og menguðu, hvað megi gera til að draga úr vatnsmengun
- gert grein fyrir notkun manna á auðlindum
- dregið ályktanir af tilgangi flokkunar úrgangs
- gert grein fyrir hvort efni séu hættuleg og hvernig hægt er að endurnýta og flokka efni sem fellur til
- gert við og endurnýjað eldri hluti og lengt þannig líftíma þeirra

Kennsluefni / kennslugögn

Náttúran allan ársins hring, Lífríkið í sjó og Grænu skrefin.

Kennsluhættir

Farið yfir efnið í kennslustundum og unnin ýmis verkefni tengd viðfangsefninu, með áherslu á skapandi vinnubrögð og samvinnu. Kennslubókin Grænu skrefin verður tekin í samþættingu við samfélagsgreinar með 5. bekk og munu bóklegir og útikennslutímar vera til skiptis í tvöföldum tíma á þriðjudögum.

Heimanám

Ekkert skipulagt heimanám, nema þegar um kannanir eða ákveðin verkefni er að ræða. Kennari mun senda póst á foreldra þegar það á við.

Námsmat

Byggt verður á símati þar sem verkefni nemenda eru metin eftir hæfniviðmiðum við lok 4. bekkjar.

Lífsleikni (Art)

Kennarar: Eydis Lúðvíksdóttir og Halla Karen Gunnarsdóttir

Vikustundir: 1 kennslustund

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið fyrir samfélagsgreinar tengjast grunnþáttum menntunar og er skipt í þrjá flokka, þ.e. reynsluheim, hugarheim og félagsheim. Enn fremur leitast þau við að mæta áhersluþáttum grunnskólalaga og aðalnámskrár. Hvert hæfniviðmið byggist á að minnsta kosti einum efnisþætti og koma sumir þeirra ítrekað fyrir. Efnisþættir hæfniviðmiðanna skiptast í: Reynsluheimur - umhverfi, samfélag, saga, menning; hæfni nemanda til að skilja veruleikann. Hugarheimur – Sjálfmynd: hæfni nemanda til að átta sig á sjálfum sér og öðrum og Félagsheimur – Samskipti: hæfni nemanda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra.

Kennsluhættir

Nemendur fá þjálfun í verkefnum sem styrkja félagsfærni, sjálfsstjórnun og efla siðferði þeirra, leitast verður eftir því að finna viðeigandi leiðir fyrir hvern og einn. Lögð er áhersla á umræður og hver og einn fái tækifæri til að tjá skoðanir sínar. Sjálfsstjórn, félagsfærni og siðferðisvitund eru öllum börnum mikilvæg til að geta átt góð samskipti og eignast vini.

1. FÉLAGSFÆRNIPJÁLFUN;

Nemendum eru kennd jákvæð samskipti í daglega lífinu. Unnið er kerfisbundið með tiltekin atriði. Þetta er gert með umræðum, hlutverkaleikjum og ýmis konar verkefnum.

2. SJÁLFSTJÓRNUN;

Nemendur læra að bregðast við árekstrum með því að þekkja:

- hvað kveikir reiði þeirra,
- hvað gerist innra með þeim þegar þau reiðast,
- hvernig þau eru vön að bregðast við og
- hvaða afleiðingar það hefur. Þeim er kennt að rjúfa ferlið með ýmsum aðferðum og innleiða nýjar samskiptaleiðir (félagslega færni).

3. EFLING SIÐFERÐIS

Nemendur rökræða undir stjórn þjálfara út frá sögum (klípusögum) þar sem fyrir koma siðferðileg álitamál. Þetta eru annars vegar sögur sem tilheyra námsefninu og hins vegar sögur úr reynsluheimi barnanna sjálfra.

Heimanám

Æfa heima þá færni sem unnið er með hverju sinni.

Námsmat

Kennaramat í formi umsagna, sjálfsmat og jafningjamat.

Upplýsinga- og tæknimennt

Kennari: **Sigurrós Sandra Bergvinsdóttir**

Vikustundir: 1 kennslustund

- Markmið að nemendur:
- gangi vel um og fylgi reglum sem gilda í tölvustofunni
- gangi vel um spjaldtölvurnar og læri að ganga frá þeim
- fylgist vel með í kennslustundum og fari eftir fyrirmælum
- þekki heitin á helstu hlutum tölvunnar s.s. tölvu, skjár, lyklaborð, mús
- þekki helstu hnappa á lyklaborði
- læri að nota einföld forrit
- staðsetji fingur rétt á heimalykla
- öðlist þekkingu á grunnatriðum forritunar
- læri að vinna með ólík forrit bæði tengt ritvinnslu og forritun

Leiðir: Nemendur fara í tölvustofu þar sem kennari kynnir undirstöðuatriði í vinnuumhverfi tölvunnar, rétta líkamsbeitingu og hvernig beita eigi mús. Nemendur æfa sig í að skrá sig inn í tölvukerfi skólans, vinna í kennsluforritum, teikna myndir, skrifa texta og æfa fingrasetningu með vefnum Fingrafimi á vef Námsgagnastofnunar. Nemendur læra einnig á grunnatriði í forritun með hjálp nokkurra forrita í spjaldtölvum og á netsíðum þar sem kennd er forritun. Einnig fá nemendur að kynnast fjölbreyttum mismunandi námsleikjum í gegnum Osmo og öðrum forritanlegum tækjum.

Námsefni: Ýmis verkefni frá kennara og af netinu. Forritunarforritin: Code.org, codespark, Scratch, Tynker, sprite box, box island ásamt fleiri smáforritum. Osmo - stærðfræði, stafir, pizza og co og coding jam. Fingrafimi á vef mms.is. Ásamt öðru fjölbreyttu efni.

List- og verkgreinar

Megintilgangur með námi í list- og verkgreinum í grunnskóla er að allir nemendur kynnist fjölbreyttum vinnuaðferðum það sem reynir á verkunnáttu, sköpunarkraft, samhæfingu hugar, hjarta og handar og margar ólíkar tjáningarleiðir. Sameiginleg hæfniviðmið fyrir list- og verkgreinar fyrir lok 4. bekkjar, 7. bekkjar og við lok 10. bekkjar flokkast undir menningarläsi.

Heimilisfræði

Kennari: Sigrún Hilmarsdóttir

Vikustundir: 2 kennslustundir á viku í 12 vikur.

Hæfniviðmið

Í hæfniviðmiðum í heimilisfræði eru dregin saman í flokka viðmið sem eru lík að upplagi. Þetta er gert til að auðvelda kennurum að hafa yfirsýn yfir þá námsþætti sem verið er að vinna með hverju sinni. Hæfniviðmið í heimilisfræði koma til viðbótar sameiginlegum hæfniviðmiðum í list- og verkgreina. Hæfniviðmið fyrir heimilisfræði eru, Matur og lífshættir, matur og vinnubrögð, matur og umhverfi og matur og menning.

Matur og lífshættir

Að nemendur skilji mikilvægi hollustu, heilbrigðis og hreinlætis.

Matur og vinnubrögð

Að nemendur öðlist sjálfstæði í vinnubrögðum og geti notað áhöld og tæki á réttan hátt.

Matur og umhverfi

Að nemendur geti farið eftir uppskriftum og leiðbeiningum á einföldum réttum og gengið frá í eldhúsi.

Að nemendur séu meðvitaðir um slyshættu og geti varist slys.

Matur og menning.

Að nemendur verði athugul við matarinnkaup og viti hvað ber að varast.

Námsþættir	Viðfangsefni
Eldhúsáhöld	
Hreinlæti	Persónulegt hreinlæti, uppbvottur, Lykillinn að heilbrigðu lífi.
Næring og hollusta	Hollusta, fæðuval, næringarþörf.
Matvælafræði	Mat á fæðutegundum, matarinnkaup, Leiðir til sparnaðar.
Annað	Slysaættur í heimahúsum, Umhverfisvernd.

Námsgögn

Heimilisfræði 4. fyrir 4. bekk, myndbönd um heimilisfræði, efni af vef .

Námsmat

Metinn er hver tími fyrir sig, lagt er mat á : virkni og frumkvæði, umgengni, hegðun, áhuga og verkefnavinnu og einkunn gefin í lok anna.

Hönnun og smíði

Kennari: Dagbjört Lína Kristjánsdóttir

Vikustundir: 2 kennslustundir á viku í tólf vikur.

Hæfniviðmið

Hæfniviðmiðum í hönnun og smíði er skipt upp í þrjá efnisflokka og eru þeir megináherslusvið greinarinnar Flokkarnir tengjast þó allir innbyrðis. Þessir flokkar eru handverk, hönnun og tækni og umhverfi. Hæfniviðmið fyrir sjónlistir koma til viðbótar sameiginlegum hæfniviðmiðum í list- og verkgreina.

Handverk

Að nemandi:

- geti notað helstu sagir á réttan hátt
- geti notað helstu mælitæki, s.s. málstokk og málband
- geti notað fjölbreytt efni við smíði gripa sinna
- kunni að velja og nota sandpappír á réttan hátt
- kunni að sverfa, raspa og draga út nagla
- geri raunhæfar kröfur til eigin getu og færni
- geti valið og notað yfirborðsefni við hæfi verkefna sinna

Hönnun og tækni

Að nemandi:

- geti teiknað hlut í raunstærð og smíðað hann samkvæmt henni
- þekki og geti beitt hefðbundnu vinnuferli við lausn verkefna sinna
- geti skreytt gripi sína á persónulegan hátt
- geti fundið einfaldar lausnir á hönnunarvanda
- móti smíðisgrip eftir smekk og viðhorfum

Umhverfi

Að nemandi:

- sýni ábyrga umgengni og fari eftir almennum reglum í smíðastofunni
- skilji mikilvægi þess að nota persónuhlífar við vinnu
- sýni öðrum kurteisi og tillitsemi og beri virðingu fyrir vinnu annarra
- sýni skilning á góðri samvinnu
- þekki algengan íslenskan trjávið og hafi notað hann í smíðaverkefni
- hafi tamið sér að gera alltaf sitt besta
- hafi fengið tilfinningu fyrir því hvað er vel gert og hvað ekki
- þekki hættur sem geta stafað af rafmagni

Kennsluhættir

Í hönnun og smíði er stefnt að því að gera nemendur sjálfstæða í verki til að þroska verkfærni og verkunnáttu. Nemendum eru kennd rétt vinnubrögð frá upphafi og rétt umgengni við vinnusvæði og verkfæri þar sem öryggi þeirra og annarra í smíðastofunni skiptir miklu máli. Þema vetrarins er endurnýting og er því stefnt að því að gera nemendur meðvitari um umhverfi sitt ásamt því að þeir læri að nýta efnisheiminn.

Námið er einstaklingsmiðað og eru nemendur studdir í því að setja sér raunhæf markmið og hjálpað að gera sér grein fyrir framförum. Náminu er ætlað að þroska skipulagshæfileika nemenda og þurfa þeir að öðlast skilning á því hvernig verk er brotið upp í verkþætti. Nemendur eru studdir í því að setja sér raunhæf markmið og hjálpað að gera sér grein fyrir framförum. Nemendur fá að hanna útlit, mynstur og velja sér yfirborðsmeðferð á smíðaverkefnum sínum í hönnun og smíði. Markmið hönnunar og smíða er að hjálpa nemendum að skynja og meta fallega hönnun, handverk, hagnýtingu tækni og að skilja uppbyggingu atvinnulífsins. Nemendur fá að kynnast fornu handverki og nútíma handverki þar sem þeir gera sér grein fyrir samhengi nútíðar, fortíðar og framtíðar.

Námsmat

Námsmatið er einstaklingsmiðað og metið er eftir hæfniviðmiðum. Kennari kynnir fyrir nemendum hvernig námsmatið mun fara fram og miðar verkefni við að hvaða hæfniviðmiðum er stefnt.

Myndmennt

Kennari: Ragnheiður Dröfn Benidiktsdóttir

Markmið: Að nemendur kynnist grunnþáttum myndlistar. Kynnist ólíkum efnum og öðlist þjálfun í að efla skapandi hugsun.

Kennsluefni: Hugmyndir sem koma frá kennara, pinterest og námsefni tengt myndmennt.

Skipulag: Nemendur munu byrja á því að búa sér til möppu þar sem þeir munu geyma listaverkin sem þeir gera á skólaárinu, fyrsta verkefnið sem allir nemendur fá er að teikna sjálfsmynd, og munu þeir einnig ljúka myndmenntanáminu með því að teikna sjálfsmynd. Annars munu nemendur í vetur vinna fjölbreytt og skapandi verkefni, fá að kynnast hinum ýmsu gerðum af efnivið sem hægt er að nota í myndlist.

Hæfniviðmið

Nemendur geta

- unnið eftir einföldu ferli frá hugmynd til afurðar.
- unnið einföld verkefni í hóp.
- tjáð sig á einfaldan hátt um viðfangsefni sitt.
- nýtt sér í eigin sköpun einfaldar útfærslur sem byggja á færni í meðferð lita- og formfræði og myndbyggingar.
- tjáð tilfinningar, skoðanir og hugmyndaheim sinn í myndverki á einfaldan hátt.
- unnið út frá kveikju við eigin listsköpun.
- þekkt og notað hugtök og heiti sem tengjast lögmálum og aðferðum verkefna hverju sinni.
- fjallað um eigin verk og annarra.
- Frágangur verkefni og áhalda
-

Kennsluhættir

Í upphafi er viðfangsefni tímans kynnt fyrir nemendum, ýmist með sjóndæmum eða munnlega. Lögð er áhersla á að nemendur leggi metnað sinn í að leysa hvert verkefni eins vel og kostur er. Unnið verður með einstaklings- og hópaverkefni.

Námsmat

Vinna nemanda í tímum metin þ.e.a.s. vinnusemi, áhuga, frágangi, árangur.

Textílmennt

Kennari: Sigrún Hilmarsdóttir

Vikustundir: 2 kennslustundir á viku í tólf vikur.

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið í textílmennt koma til viðbótar sameiginlegum hæfniviðmiðum í list- og verkgreina. Hæfniviðmiðum í textílmennt er skipt upp í þrjá efnisflokkar þar sem megináherslusvið greinarinnar koma fram. Þessir flokkar eru: Handverk, aðferðir og tækni, Sköpun hönnum og útfærsla og Menning og umhverfi

Handverk, aðferðir og tækni

Að nemendur temji sér strax í upphafi sjálfstæð vinnubrögð og velji eins mikið sjálf og hægt er innan þeirra marka og aðferða sem þau eru að læra hverju sinni. Að nemendur gangi vel um og eigi góð samskipti við aðra.

Sköpun, hönnun og útfærsla

Nemandi tjái sig um litaval, skoði eigin verk og annarra og ræði um þau út frá fagurfræði.

Menning og umhverfi

Nemandi fái innsýn í nýtingu íslenskrar ullar áður fyrr, fjalli um textílverk sem eru skreytt með útsaumi, skoði myndbönd og /eða skyggnur sem tengjast textílum.

Kennslugögn

Uppskriftir og vinnulýsingar sem kennari býr til sjálfur auk þess sem valið er úr fagblöðum, bókum eða af netinu.

Kennsluhættir

Miðast er við að gera nemandann, með vinnu sinni, sjálfbjarga í undirstöðuatriðum textílmennta. Að hann geti farið eftir verklýsingum og læri að vinna með þau tæki sem til þarf hverju sinni.

Verkefni

- Vefa karlinn úr smíði
- Þrjóna bangsa
- Sauma púða í saumavél
- Sauma krosssaum.
- Þeir sem ljúka verkefnum sínum fá aukaverkefni við hæfi.

Heimanám

Ekki er gert ráð fyrir heimanámi í textílmennt.

Námsmat

Áhugi, vinnusemi, vandvirkni og hegðun metin með símati eftir hvern tíma. Umsögn gefin í lokin.

Leiklist

Kennari: Gréta Sigurðardóttir

Vikustundir: 2 kennslustundir á viku í tólf vikur.

Tónlist

Kennari: Linda María Nilsen

Vikustundir: 2 kennslustundir á viku í tólf vikur.

Skólaíþróttir

Kennari: Gunnar Andri Pétursson og Halla Karen Gunnarsdóttir

Vikustundir: 3 kennslustundir

Hæfniviðmið

Hæfniviðmiðin eru sett fram umdir fjórum mismunandi flokkum; líkamsvitund, leikni og afkastageta mynda, Félagslegir þættir og Heilsa og efling þekkingar.

Líkamsvitund, leikni og afkastageta

- Að efla líkamsþroska og auka þrek.
- Að nemendur fái markvissa sundkennslu og verði færir um að bjarga sér og öðrum.
- Að ná sundstigi hvers árgangs.

Félagslegir þættir

- Að efla félags- og tilfinningaþroska.
- Að auka sjálfstraust og viljastyrk og efla samvinnu

Heilsa og efling þekkingar

- Að vekja áhuga á reglubundinni íþróttaiðkun og líkamsrækt.
- Að nemendur skilji mikilvægi reglubundinnar sundiðkunar og geti nýtt sér sundið sem heilsu- og líkamsrækt er fram líða stundir.
- Að auka áhuga á sundi sem íþrótt.

Kennsluæfni / kennslugögn

Boltar og áhöld í íþróttahúsi og sundlaug. Ýmis hefti um íþróttir og skólasund til að styðjast við í kennslu.

Kennsluhættir

Nemendur taka þátt í æfingum, leikjum og þrautum (með eða án áhalda og tónlistar). Þeir fá þannig tækifæri til að: efla og reyna á samspil skynfæranna; þjálfra grunnhreyfingar; efla hraða, þol, kraft, viðbragð, líkamsreisl og líkamsstöðu. Auk þess eiga íþróttir að veita nemendum: útrás fyrir hreyfiþörf; tækifæri til skapandi hreyfinga og tækifæri til að öðlast öryggisfinningu í vatni. Með þátttöku í hópleikjum og annarri samvinnu fá nemendur tækifæri til að efla félagsþroska. Til að öryggisreglum sé fylgt, þannig að allir geta haft gaman af, þurfa nemendur að læra að umgangast íþróttahús, áhöld og tæki á öruggan hátt og læra að bregðast við fyrirmælum og merkjum kennara.

Kennsluáætlun

1. Önn skipt í tvö tímabil

1. Sund

Íþróttir:Úti/inni tímar e.veðri

2. Leikfimi

Leikir, stöðvápjálfun, innibandý, hnit, fótbolti, fimleikar, blak, skólahreysti, frjálsar íþróttir, handbolti, körfubolti

2. Önn skipt í tvö tímabil

Leikfimi

1. Leikfimi

Leikir, stöðvápjálfun, innibandý, hnit, fótbolti, fimleikar, blak, skólahreysti, frjálsar íþróttir, handbolti, körfubolti.

2. Sund

Heimanám

Ekkert eiginlegt. Þó er hluti íþróttaiðkunar að kunna almennar hreinlætisvenjur og aðra holla lífshætti.

Athuga: Nemendur eiga að koma með sér fatnað til íþróttaiðkana (stuttbuxur og bol). Ætlast er til að nemendur fari í sturtu eftir íþróttatíma. Nemendur í 4. bekk mega vera í skóm í íþróttatímum. Í sundi er æskilegt að vera í sundbol/sundskýlu, en ekki bikiní eða stuttbuxum sem ná niður fyrir hné. Þeir nemendur sem ekki geta synt án sundgleraugna verða að koma með sín eigin.

Mikilvægt er að nemendur fylgi þeim öryggis- og umgengisreglum sem gilda í sundlauginni. Þegar kólna fer í veðri þá er gott að hafa meðferðis húfu.

Námsmat

Prófa- og kennaramat. Í íþróttum er metin færni, áhugi og ástundun. Gefin er umsögn í janúar og umsögn í maí. Stuðst er við hæfniviðmið við lok 4. bekkjar Kennaramat felst í umsögnum um nám og vinnubrögð nemenda og er það hluti af símati skólans.